



Ársskýrsla Rótarinnar 2014

Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda

Kt. 500513-0470

Vefsíða: www.rotin.is

Facebook: www.facebook.com/rotin.felag

Netfang: rotin@rotin.is

Höfundur: Kristín I. Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Ráð Róttarinnar.....	2
Starfsemin á árinu	3
Umræðukvöld.....	3
2013.....	3
2014.....	4
Verkefni	7
Erindi.....	6
Greinar og skrif.....	7
Heimsóknir	7
Styrkir	7
Áherslur og baráttumál	8
Fíkn - sjúkdómur eða samspil margra þátta?	8
90% fylgni við áfallasögu	8
Jafningjahjálpi nægir ekki ein og sér	8
Þurfa allir afvötnun og innlögn?	9
Réttarmeðferðardeild?.....	9
„Nice guidelines“	9
Róttin vill nýja hugsun og fjölbreytt úrræði.....	9

Inngangur

Fyrsta starfsári Róttarinnar er lokið og óhætt að segja að það hafi verið annasamt. Það var reyndar í lengri kantinum þar sem félagið er stofnað þann 8. mars en aðalfundur 2014 var haldinn 14. maí.

Ráð Róttarinnar

Níu konur voru kosnar í ráð á stofnfundinum og þrjár í aðalráð. Ráðið 2013-2014 var skipað þannig: Árdís Þórðardóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Þórlaug Sveinsdóttir, Linda Vilhjálmisdóttir og Gunný Ísis Magnúsdóttir.

Vararáð: Edda Arinbjarnardóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir og Líska Kristjánsdóttir.

Ráðið skipti svo með sér verkum og var Guðrún Kristjánsdóttir valinn í talskonuhlutverk en Gunný Ísis Magnúsdóttir gjaldkeri og Kristín I. Pálsdóttir ritari. Kristín sinnti talskonuhlutverkinu seinni hluta tímabilsins vegna anna Guðrúnar á öðrum vettvangi.

Í dag eru 255 konur skráðar í félagið og tæp 1200 fylgja Róttinni á Facebook.

Starfsemin á árinu

Umræðukvöld

Félagið hefur fylgt fast eftir því markmiði að halda úti öflugri umræðu um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Við byrjuðum strax eftir stofnun félagsins að efna til umræðukvölda og voru tvö haldin í apríl og maí 2013. Frá byrjun höfum við notið velvilja húsráðenda á Hallveigarstöðum þar sem við höfum fengið inni endurgjaldslaust og erum við mjög þakklátar fyrir þann stuðning.

Í haust ákváðum við að hafa umræðukvöldin tvisvar í mánuði þar sem við vorum komnar með langan lista af spennandi fyrirlesurum sem við höfðum áhuga á að heyra í og því voru sex umræðukvöld í haust og svo aðventukvöld þar sem rithöfundar komu í heimsókn.

Eftir áramót hafa umræðukvöldin verið fimm og sex að meðtöldu erindi Sólveigar Önnu á aðalfundi. Einnig fórum við til Akureyrar þar sem vel var tekið á móti okkur og héldum fund í samráði við Aflíð og Grasrót en Sigrún Sigurðardóttir hélt erindi á þeim fundi.

Við grínumst með það okkar á milli að umræðukvöldin séu okkar skóli og það má til sanns vegar færa að við höfum lært mikið á umræðukvöldunum. Bæði af fyrirlesurum og öðrum gestum sem margir hverjir mæta hér í hvert sinn.

Umræðukvöldin á árinu voru eftirfarandi:

2013

- ✓ 16. apríl — Áföll, fíknir, afleiðingar og bati - Valdís Ösp Ívarsdóttir fíknifræðingur og Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur. Valdís Ösp er með BA-próf í guðfræði og MA-próf í fíknifræðum (Addiction Studies) frá Hazelden í Bandaríkjunum. Vigfús er guðfræðingur og með framhaldsnám í sálgæslufræðum (MTh. Pastoral Care and Counseling).
- ✓ 28. maí — Skömm og sekt 28. maí. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent í guðfræðilegri siðfræði - flutti erindi um skömmina. Hún fjallaði um tvær siðferðilegar tilfinningar, skömm og sekt, og velti fyrir sér bæði skyldleika þeirra og mismun. Hvers eðlis eru þessar tilfinningar, góðar eða slæmar, æskilegar eða óæskilegar, er hægt að skila skömm – af hverju er talað um það?
- ✓ 11. september — Fíkn sem afleiðing af ofbeldi og annars konar áföllum í æsku. Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, lektor við Háskólann á Akureyri og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum. Rannsóknir hennar snúast um afleiðingar ofbeldis í æsku fyrir heilsufar og líðan karla og kvenna og vinnu að þróun þverfaglegra meðferðarúrræða fyrir þann hóp. Úrræðið sem Sigrún hefur unnið að er kallað Gæfusporin og hefur hún unnið með það úrræði á Akureyri undanfarin tvö haust og nú í haust verður farið af stað í þriðja sinn. Einnig var farið af stað með Gæfusporin í Mjóddinni í Reykjavík í september þar sem Sigrún var með handleiðslu og fræðslu.
- ✓ 25. september — Ungar mæður og fíknivandi. Anna María Jónsdóttir geðlæknir á geðsviði Landspítala og hjá Miðstöð foreldra og barna. Hún hefur starfað með teymi á Lsp sem hefur sérhæft sig í meðferð og aðstoð við foreldra sem eiga við geðraskanir að stríða sem hefur verið í formlegu samstarfi við fíkniskorina á Teigum sem hefur gert kleift að veita foreldrum með fíknivanda sömu aðstoð. Hvernig er hægt að hjálpa foreldrum með fíknivanda? Foreldrar með fíknivanda voru ekki að ná að nýta sér þjónustu FMB-teymisins jafnvel og þeir sem áttu eingöngu við geðrænan vanda að stríða. Barnshafandi konur með fíknivanda virðast heldur ekki nýta sér hefðbundin meðferðarúrræði við fíknivandanum; það er svo margt annað að gerast í lífi þeirra og því þarf að koma til móts við þennan hóp sem hefur verið veitt sérhæft meðgöngueftirlit í áhættumæðravernd á kvennadeild Landspítala. Þörf er á frekari þverfaglegri aðkomu fagfólks á sviði fíknimeðferðar og geðrænnar meðferðar, með áherslu á samhæfða nálgun, varðandi meðgöngueftirlit, fíknimeðferð, og stuðning við foreldrahlutverkið fyrir þennan hóp.

- ✓ 9. október — Meðferð við fíkn. Helga Sif Friðjónsdóttir Ph.D. í hjúkrunarfræði, hjúkrunardeildarstjóri á fíknigeðdeild á geðsviði Landspítala. Helga Sif er með meistara og doktorsmenntun í geðhjúkrun með áherslu á fíkn- og aðra geðsjúkdóma. Hún hefur starfað að slíkri hjúkrun m.a. á Vogu og frá sumri 2007 á fíknigeðdeild Landspítala. Helga Sif er lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og kennir aðferð sem kölluð er áhugahvetjandi samtal á ýmsum vettvangi. Hún er einnig faglegur verkefnisstjóri Frú Ragnheiðar – skaðaminnkunar á vegum Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands.
- ✓ 23. október — Konur, fíkn og sektartilfinning. Sigríður Guðmarsdóttir, Ph.D. í guðfræði og sóknarprestur í Reykjavík. Vitundin um eigin gildi og dýrmæti mótar sjálfsmýnd og reisin hveirar manneskju. Á sama hátt er sektarkennd órjúfanlegur þáttur í skaphöfn hinnar skyni gæddu siðferðisveru þegar manneskjan upplifir að hún hafi gerst brotleg við eigin gildi og siðferðisboð. Við tókumst á við sekt með ýmsu móti, metum hana, horfumst í augu við hana, notum hana til að gera betur og bæta fyrir, sem agastjórnumartæki og uppeldistæki, við bælum hana niður, vörpum henni yfir á aðra til þess að þurfa ekki að takast á við sársauka hennar og afleiðingar. Því hefur verið haldið fram að kynin takist á við sekt og sjálfsmýndarleit á ólíkan hátt og fíkn getur haft áhrif á sektaraðferðir okkar líka. Erindið fléttaði saman hugleiðingum um fíkn, kynjahlutverk og sektarkennd með það fyrir augum að opna umræður um kynbundna sekt og sekt í skugga fíknar.
- ✓ 13. nóvember — Áfengið, ofbeldið og hitt kynið. Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur er dr. philos. frá Háskólanum í Osló. Hún er með aðsetur í Reykjavíkur Akademiunni. Hildigunnur var sérfræðingur Velferðarráðuneytisins um rannsóknir á ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum en rannsóknir voru stór liður í áætlun ríkisstjórnarinnar frá 2006 um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Hildigunnur hefur unnið að rannsóknum á áfengismálum og í afbrotafræði og hefur tekið þátt í erlendu fræðastarfi og fjölmörgum fjölþjóðarannsóknum á sviði áfengismála. Doktorsritgerð hennar um AA samtökin á Íslandi kom út árið 2000. Hún hefur birt yfir 100 greinar og bókarkafli á sínu fræðasviði. Í erindinu var fjallað um eldri og nýrri rannsóknir á konum sem neytendum og misnotendum áfengis, hvernig rannsóknir hafa beinst að ofbeldi gegn konum og á hvern hátt áfengistengt ofbeldi í lífi kvenna hefur fengið athygli sem rannsóknarefni.
- ✓ 27. nóvember — Tilfinningaleg vandamál kvenna í áfengismeðferð. Ása Guðmundsdóttir er sérfræðingur í klínískri sálfræði. Hún starfar á Landspítalanum og rekur eigin sálfræðistofu. Hún vann um margra ára skeið við meðferð áfengis- og vímuefnavanda á Landspítala jafnframt því að sinna áfengisrannsóknum. Hún var m.a. með stuðnings- og meðferðarhópa fyrir konur í áfengis- og vímuefnaðferð og rannsakaði tilfinningalegan og félagslegan vanda þeirra. Hún hefur einnig um langt árabil sinnt einstaklingum, á sálfræðistofu sinni, sem glímt hafa við áfengis- og vímuefnavanda, einkum konum. Hún sinnir nú m.a. meðferð þeirra sem leita á neyðarmóttöku nauðgana. Í erindinu var greint frá niðurstöðum rannsókna hennar á tilfinningalegum og félagslegum vanda kvenna í áfengis- og vímuefnaðferð auk þess sem hún fjallaði um eigin reynslu úr meðferðarstarfi með konum. Rætt var um ástæður þess að huga þarf að þörfum kvenna sérstaklega er þær leita sér meðferðar.
- ✓ 11. desember — Aðventukvöld. Síðasti viðburður ársins hjá Rótinni var aðventukvöldið. Skáldkonurnar Eva Rún Snorradóttir, Vigdís Grímsdóttir og Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir komu í heimsókn en þær gáfu allar út bækur fyrir jólin. Eva Rún er meðlimur í Kviss Búmm Bang og gaf út ljóðabókina Heimsendir fylgir þér alla ævi, Vigdís Grímsdóttir var að gefa út bókina Dísusaga - konan með gulu töskuna og Þórunn bókina Kona með maga. Síðast en ekki síst komu þær Lilja Steingrimsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir í hljómsveitinni Ellin og spiluðu nokkur lög fyrir okkur.

2014

- ✓ 22. janúar — Öruggur bati eftir áföll. Sigurlína Davíðsdóttir prófessor emerita í uppeldis- og menntunarfræði var gestur Rótarinnar á umræðukvöldi miðvikudaginn 22. janúar kl. 20. Sigurlína er félagssálfræðingur að mennt og hefur m.a. fengist við rannsóknir í heilsusálfræði. Hún var

meðal stofnenda Krýsuvíkursamtakanna og hefur einnig verið stjórnarformaður þeirra af og til og samfelld síðan 1998. Sigurlína fjallaði um helstu atriði bókarinnar 8 lykklar að öruggum bata eftir áföll eftir Babette Rothschild sem hún þýddi og fjallaði einnig um þann fræðilega grunn sem notaður er í meðferðinni í Krýsuvík.

- ✓ 12. febrúar — Afhjúpum ofbeldið. Ella Kristín Karlsdóttir félagsráðgjafi og handleiðari kom til okkar og ræddi um mikilvægi þess að ofbeldi sé afhjúpað. Hún fjallaði um mismunandi tegundir ofbeldis og hvert þolendur þess geta leitað. Ella Kristín á að baki 20 ára starfsferil í félagsþjónustunni og starfar sem deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts en þar hefur hefur markvisst verið skimað eftir ofbeldi í nokkur ár.
- ✓ 12. mars – Gyða Eyjólfsdóttir og Monika Skarphéðinsdóttir eru báðar sálfræðingar. Þær ætla að fjalla um tengsl erfiðra upplifana úr æsku og afleiðingar þeirra, meðal annars fara þær í tengsl upplifananna við fíkn. Þær byggja erindið að miklu leiti á The Ace study. Gyða er sérfræðingur í svokallaðri EMDR áfallameðferð (www.emdr.is).
- ✓ 15. mars – Fundur á Akureyri. Kynning á Róttinni og fyrirlestur Sigrúnar Sigurðardóttur hjúkrunarfræðings á rannsókn hennar á áhrifum áfalla á heilbrigði m.a. fíkn. Í Grásrót, Hjalteyrargötu 20, kl. 14.
- ✓ 25. mars — Hinn haldi veruleiki barna í ábyrgðarhlutverki. Björg Guðrún Gísladóttir höfundur bókarinnar Hljóðin í nóttinni og Guðbjörg Ottósdóttir adjúntk í félagsfræði komu til okkar og ræddu um stöðu barna í fjölskyldum þar sem alkahólismi og önnur vandamál eru til staðar.
- ✓ 9. apríl — Annmarkar þess að skilgreina ofneyslu sem sjúkdóm. Sæunn Kjartansdóttir hjúkrunarfræðingur og sálgreinir. Sæunn hefur gefið út bækurnar Hvað gengur fólki til? Leit sálgreiningar að skilningi, 1999 og Árin sem enginn man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna, 2009. Í bókinni Hvað gengur fólki til? er kaflinn „Óðurinn til fíknarinnar“ þar sem Sæunn skoðar m.a. hugsanlegar sálrænar orsakir ofneyslu en hér á landi hefur sjúkdómsskenningin verið allsráðandi.
- ✓ 14. maí – Gildi gremjunnar. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent í guðfræðilegri siðfræði talaði um gildi gremjunnar. Við heyrum oft að það sé kristilegt að fyrirgefa þeim sem gert hafa á okkar hlut og jafnvel að það sé sálhjálpatriði fyrir þá sem hafa verið beittir órétti að fyrirgefa misgjörðarmönnum sínum. En er það svo? Sólveig Anna hefur rannsakað þetta og kemst að annarri niðurstöðu.

Erindi

Við höfum sent frá okkur nokkur erindi á starfsárinu.

- ✓ Í aðdraganda alþingiskosninga sendi Róttin spurningar til framboða til að kalla eftir afstöðu flokkanna til okkar málefna. Ágæt svör fengust frá flestum.
- ✓ Fyrsta erindið sem við sendum til stjórnvalda var vegna öryggis kvenna á meðferðarstöðvum. Erindið var sent 22. apríl 2013 og var því beint til Embættis landlæknis. Í því segir m.a.: „Við krefjumst þess að skapaðar verði aðstæður inni í heilbrigðiskerfinu til að konur geti leitað sér meðferðar við þeim alvarlega sjúkdómi sem alkóhólismi er án þess að eiga það á hættu að lenda í klóm ofbeldismanna.“ Tilefni erindisins var m.a. nýfallin dómur yfir ofbeldismanni sem hafði kynnst einu af fórnarlömbum sínum í meðferð. Síðar sendum við erindið til velferðarráðherra en enn í dag höfum við ekki fengið svör frá þessum stofnunum.
- ✓ Þann 12. júlí sendum við erindi til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra þar sem við lýstum áhyggjum yfir handtökuaðferðum lögreglunnar sem komust í hárnæli þegar mjög ölvuð kona var handtekin með svokallaðri „norskri aðgerð“ á Laugavegi. Í erindinu sagði m.a.: „Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að mannvirðingar sé gætt, líka gagnvart fólki sem hefur neytt áfengis óhóflega og að þeir sem stunda löggæslu í miðborg Reykjavíkur um helgar hafi ákveðna þekkingu á fíknivanda. Það er ekki hlutverk lögreglunnar að refsa fólki fyrir óæskilega eða ólöglega hegðun, það er hlutverk dómstóla.“ Fengum við jákvæð svör við erindinu.
- ✓ Í lok ágúst 2013 sendum við erindi til Kristjáns Þórs Júlíussonar varðandi skimum og meðferð á meðferðarstöðum vegna ofbeldis. Í erindinu leitum við upplýsinga um hversu margir sem koma til meðferðar hafa verið beittir eða hafa beitt ofbeldi.
- ✓ Í september sendum við erindi til heilsuræktarstöðva þar sem við óskuðum eftir upplýsingum um siðareglur í heilsuræktargeiranum. Einnig sendum við ráðaherra íþróttamála og ÍSÍ erindið. Ekki bárust svör frá hinum tveimur síðasttöldu en margar heilsuræktarstöðvarnar þökkðu okkur fyrir ábendinguna og svöruðu spurningum okkar.
- ✓ Einnig sendum við erindi á Alanó-klúbbinn sem rekur húsnæði fyrir 12 spora fundi og spurðum um húsreglur.
- ✓ Í október fórum við svo á fund velferðarráðherranna beggja og kynntum okkar mál.
- ✓ Þá höfum við sent nokkur erindi vegna menntunar áfengis- og vímuefnaráðgjafa, bæði til landlæknis og velferðarráðherra. Í svörum sem við fengum kemur fram að:
 - Menntun ráðgjafa fer ekki fram á ákveðnu skólastigi heldur á heilbrigðisstofnunum sem annast fíknimeðferð og endurskoðun á náminu er ekki hafin.
 - Námið heyrir undir velferðarráðuneytið í samvinnu landlæknis, fagráðs landlæknis og stofnana sem veita meðferð.
 - Velferðarráðuneytið hefur ekki í hyggju að beita sér fyrir því að menntun þessara heilbrigðisstarfsmanna feli í sér fræðslu um ofbeldi og áföll og áhrif þess að fíknisjúkdóma.
 - Engar kröfur eru gerðar til þeirra sem kenna ráðgjöfina aðrar en þær að námið sé í umsjón læknis. Þeir sem sjá um kennsluna þurfa ekki að hafa neina kennslufræðilega menntun. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð menntunar á þessu sviði.
- ✓ Í janúar sendum við heilbrigðisráðherra opið bréf vegna samninga ríkisins við SÁÁ þar sem við lýsum áhyggjum af núverandi fyrirkomulagi meðferðarmála og í bréfinu segir m.a.: „Það fyrirkomulag sem er á meðferðarmálum hér á Íslandi hlýtur að vera einsdæmi. Einstaklingur sem á við fíknivanda að stríða greinir sig í rauninni sjálfur og óskar eftir innlögn á einkarekinn spítala þar sem ein greining og meðferð er í boði. Eitt af meginbaráttumálum Róttarinnar er að fíknisjúkdómar og afleiðingar áfalla séu meðhöndlaðar samhliða í samræmi við nýjustu rannsóknir og þekkingu. Slík meðferð samræmist áherslum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og skýrslu velferðarráðherra um ofbeldi gegn konum.“

- ✓ Í febrúar síðastliðnum sendum við svo erindi vegna gæðaeftirlits og stýringar á meðferðarstöðvum eftir að móðir ungrar konu með fjölþættan vanda leitaði til okkar vegna óánægju með meðferð sem dóttir hennar fékk í meðferð.
- ✓ Við sendum frá okkur erindi við þingsályktunartillögu um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu og vorum í kjölfarið kallaðar fyrir velferðarnefnd.

Verkefni

Róttin hefur áhuga á að koma að verkefnum sem bæta stöðu kvenna með fíknivanda og eru tvö í burðarliðnum. Annarsvegar stuðningur við ungar mæður sem glímt hafa við fíknivanda í samstarfi og undir handleiðslu FMB-teymis Landspítala og hins vegar jafningjaráðgjöf. Valdís Ösp Ívarsdóttir verður handleiðari þess verkefnisins. Við sóttum um styrki til velferðarráðherra og velferðarnefndar Reykjavíkur til að koma af stað meðferðarstarfi en hlutum enga svo að draumurinn um kvennameðferð á okkar forsendum frestast enn um sinn.

Greinar og skrif

Greinar eftir okkur Rótarkonur hafa birst í fjölmiðlum og við höfum farið í viðtöl til að kynna málstaðinn. Greinarnar má flestar nálgast á heimasíðu félagsins en sumar hafa áður birst á Fréttablaðinu, Knúz.is eða annarsstaðar. Við höldum líka úti síðu á Facebook þar sem við erum duglegar að setja inn áhugavert efni sem tengist okkar málefnum og erum með hátt í 1200 fylgjendur þar.

Heimsóknir

Við höfum farið í heimsóknir á meðferðarstöðvar og til annarra aðila sem okkur þykja áhugaverðir. Þeir sem við höfum heimsótt eru m.a. Reykjalundur, velferðarráð Reykjavíkur, mannréttindaráð RVK, mannréttindafulltrúi RVK, velferðarráðuneyti, velferðarnefnd Alþingis, Teigur á Landspítala, Krýsuvík, þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarvogs, FMB-teymi Lsp. Ótaldir eru fjöldi aðila sem við höfum verið í sambandi við og hafa miðlað okkur af reynslu og þekkingu og gefið okkur góð ráð.

Styrkir

Við fengum nokkra styrki á árinu. Landsvirkjun styrkti okkur, Sorpa veitti styrk til heimsíðugerðar, mannréttindaráð Reykjavíkur veitti okkur styrk til að gera bækling sem við ákváðum að gefa út í haust og velferðarráðuneyti veitti styrk til jafningjafræðslu.

Áherslur og baráttumál

Róttin er félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Félagið vill að komið verði á fót sérhæfðri meðferð fyrir konur þar sem tekið er heildrætt á vanda þeirra, m.a. með vinnu með áföll. Róttin hefur áhuga á að koma að verkefnum sem bæta stöðu kvenna með fíknivanda og eru tvö slík í burðarliðnum.

Fíkn - sjúkdómur eða samspil margra þátta?

Rannsóknir á áhrifum áfalla á heilsufar eru að gjörbylta hugmyndum um fíkn. Aukin þekking á á þróun fíknar í tengslum við ofbeldis- og áfallasögu hefur breytt mjög hugmyndum manna. Tölur um fjölda þeirra sem koma til meðferðar og eiga sér sögu um að hafa verið beittir ofbeldi ætti líka að vera hrópanði vísbending. Þessi þekking hefur grafið undan heimsyferráðum sjúkdómsmódelisins sem hefur verið allsráðandi í nálgun á fíknivanda.

Það var á margan hátt mikill sigur þegar viðurkennt var að alkóhólismi væri sjúkdómur. Þar með var fíkn orðin viðfangsefni heilbrigðiskerfisins og fólk gat fengið hjálp til að komast út úr fíkninni. Vandamálið er þó að að skilgreining á fíkn sem sjúkdómi byggðist á mjög veikum læknisfræðilegum grunni og svo er enn. Það eru ekki sannfærandi rök að alkóhólismi hljóti að vera sjúkdómur af því að annars séu alkóhólistar bara aumingjar. Við hljótum að vera komin lengra á þróunarbrautinni en það.

Það er enginn að efast um það að þeir sem verða háðir áfengi og öðrum fíkniefnum verði veikir af langvarandi neyslu. Hins vegar hefur verið tilhneiging hjá þeim sem harðast hanga í sjúkdómskenningunni að ætla að leysa málið með genarannsóknum og að einblína á líffræðilegar hliðar fíknar.

Þetta þykir okkur í Róttinni ófullnægjandi hugsun.

90% fylgni við áfallasögu

Fíkn er flókið samspil margra þátta og tilfellið er að það er margt sem við vitum ekki um þróun fíknar. Það er þó ljóst að í mörgum tilfellum er hún afleiðing umhverfislegra þátta. Um miðjan tíunda áratuginn var gerð mjög viðamikil rannsókn á afleiðingum áfalla og erfiðra upplifana í æsku á heilsufar síðar á ævinni, svokölluð ACE-rannsókn (www.acestudy.org), og þar komu í fyrsta sinn fram óyggjandi upplýsingar um að mjög mikil fylgni er á milli áfalla og heilsufars. Síðan hafa fjölmargar rannsóknir staðfest þetta samhengi og ljóst er að fíknivandi er eitt af algengustu afleiðingum áfalla í æsku. Þetta staðfesta líka skimanir á meðferðarstöðvum sem sýna allt að 90% fylgni á milli fíknar og áfallasögu.

Jafningjahjálp nægir ekki ein og sér

Þrátt fyrir víðtæka útbreiðslu sjúkdómskenningarinnar hefur meðferð við fíkn þróast á jaðri hins opinbera heilbrigðiskerfis og flestar meðferðarstofnanir hér á landi, eins og í Bandaríkjunum sem hefur verið helsta fyrirmynd meðferðar hér á landi, eru reknar af félagasamtökum og einkafyrirtækjum. Lengi vel voru heldur ekki læknisfræðileg meðul sem áttu að lækna sjúkdóminn heldur andleg markmið. Í samræmi við þessar hugmyndir voru þeir sem sjálfir höfðu glímt við fíkn og orðið allsgáðir taldir best til þess fallnir að leiða hina týndu sauði í sannleikann og batann. Þannig þróaðist starf ráðgjafa sem smám saman bættu við sig einhverri menntun og fengu viðurkenningu. Með hjálp þeirra losnaði nokkur hópur fólks úr vítahring fíknarinnar og gat byggt upp nýtt líf.

Svona er sagan og hér er ekki ætlunin að gera lítið úr því sem gert hefur verið af baráttuglöðu hugsjónafólki. Fáir eru viljugri að hjálpa öðrum til að bæta líf sitt en fíklar í bata og sú hjálp hefur reynst mörgum ómetanleg. Jafningjahjálp er þó ekki hlutverk heilbrigðiskerfisins þar sem sívaxandi

kröfur eru um að byggt sé á gagnreyndri vísindalegri þekkingu. Til að það sé hægt þurfa að vera í gangi rannsóknir og gagnasöfnun til að undirbyggja slíka meðferð. Á það skortir verulega hér á landi.

þurfa allir afvötnun og innlögn?

Á Alþingi 2004-2005 var lögð fram skýrsla heilbrigðisráðherra um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi. Margar góðar tillögur voru í skýrslunni sem bendir til þess að góð þekking sé til staðar innan stjórnsýslunnar um hvernig best sé að haga fíknimeðferð. Róttin vill að komið verði á fót virkri miðlægri innlagnarmiðstöð og skráningu eins og þar er lagt til.

Við leggjum áherslu á fjölbreytt úrræði fyrir fólk með fíknivanda. Við þurfum að horfast í augu við þá staðreynd að vandinn er fjölþættur, ekki gildir það sama fyrir alla, t.d. þurfa ekki allir að fara í afvötnun í tíu daga eða innlögn á meðferðarstöð. Það er mikilvægt að notkun fjármuna í málaflokknum sé markviss og að fjármunirnir nýtist þeim sem á þurfa að halda. Best væri ef þekking og meðferð væri t.d. til staðar í heilsugæslunni en samkvæmt rannsóknum erlendis er ýmislegt sem bendir til þess að t.d. konur myndu frekar leita sér hjálpar þar en á sérstökum meðferðarstöðvum.

Með innlagnarmiðstöð fæst góð yfirsýn yfir fyrirliggjandi vanda og auðveldara er að tryggja að hagur skjólstæðinga sá ávallt í fyrirrúmi en ekki hagsmunir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu.

Réttarmeðferðardeild?

Við mælum eindregið með því að hér verði komið á fót réttarmeðferðardeild sem þjónað getur fönngum sem vilja taka á sínum vímuefnavanda. Við teljum vægast sagt óábyrgt að öllum sé hrúgað inn á sömu meðferðarstöðvar eins og nú er gert; börnum, ungmennum, dæmdum ofbeldismönnum og ellilífeyrisþegum. Þá bendum við á mikilvægi þess að viðurkenna og meðhöndla þann ofbeldisvanda sem fylgir fíkniefnaneyslu í samræmi við fyrirmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

„Nice guidelines“

Endurskoða þarf umgjörð um samninga við meðferðarstofnanir og áfangaheimili og setja inn endurskoðunarákvæði og gæðastaðla og huga að leiðbeiningum um viðurkennt verklag. (e. Nice guidelines, best practice guidelines and criteria). Heilbrigðisyfirvöld í Kanada eru mjög framarlega í meðhöndlun fíknar og hafa t.d. gert ítarlegar leiðbeiningar fyrir meðferð kvenna og áfallameðvitaðar (e. trauma informed) aðferðir í fíknimeðferð.

Róttin vill nýja hugsun og fjölbreytt úrræði

Vímuefnaneytendur eru einn valdaminnsti hópur samfélagsins og virkilega hjálpar þurfi. Margir þeirra hafa ítrekað orðið fyrir ofbeldi, þeir gista fangelsin oftast en aðrir og eru víða þiggjendur. Þetta á ekki síst við um konurnar. Fólk er oft tilbúið að leggja líf sitt í hendur meðferðaraðila enda er alið á þeirri hugmynd í bataferlinu að fólk eigi að gefast upp fyrir sjálfu sér og taka leiðsögn. Ef þetta fólk fær ekki rétta meðhöndlun, sérstaklega ef opnað er á viðkvæm vandamál, er mikil hætta á að áföll séu vakin upp (e. re-traumatization). Fólk með fíknivanda er oft með fjölþættan vanda og því þurfa þeir sem meðhöndla þennan hóp að vera með þá menntun sem til þarf og siðfræðilegan grunn til að átta sig á því valdi sem þeir, sem meðferðaraðilar, fara með yfir þessum viðkvæma hópi.

Kannski er fíkn sjúkdómur en það er ekki skýrt hvernig sjúkdómur hún er. Í stöðlum sem notaðir eru til að skilgreina hana eru notuð orð eins og röskun (e. disorder) og heilkenni (e. syndrome). Lýsingar á sjúkdómnum eru ekki líffræðilegar heldur lýsingar á hegðun.

Hvernig sem við skilgreinum fíkn þá er það krafa Róttarinnar að hún sé meðhöndluð á faglegan hátt og samkvæmt nýjustu þekkingu.